

**3533. fundur bæjarráðs, haldinn í Lindinni Dalbraut 4,
fimmtudaginn 11. maí 2023 og hófst hann kl. 08:15.**

Fundinn sátu:

Valgarður L. Jónsson varaformaður, Ragnar B. Sæmundsson aðalmaður, Einar Brandsson varamaður, Haraldur Benediktsson bæjarstjóri, Steinar Dagur Adolfsson sviðsstjóri stjórnslu- og fjármálasviðs og Guðný Jóna Ólafsdóttir verkefnastjóri.

Fundargerð ritaði: Steinar Adolfsson, sviðsstjóri.

Fyrir tekið:

1. 2303108 - Mánaðaryfirlit 2023

Mánaðaryfirlit febrúar 2023.

Kristjana Helga Ólafsdóttir situr fundinn undir þessum lið.

Lagt fram.

Bæjarráð telur brýnt að fjárhagsáætlun 2023 verði greind frekar m.t.t. til frávika og að sú greining liggja fyrir á næsta fundi ráðsins þann 25. maí nk. Greiningin taki einnig til stöðu fjárfestinga- og framkvæmdaáætlunar.

Samþykkt 3:0

Kristjana Helga vikur af fundi.

2. 2201071 - Kalmansvellir 5 - áhaldahús, Fjöliðja vinnuhluti og Búkolla - Uppbygging á húsnæði

Lokaskýrsla starfshóps lögð fram.

Ásbjörn Egilsson verkefnastjóri situr fundinn undir þessum lið.

Bæjarráð þakkar starfshópnum fyrir hans störf og fyrirliggjandi lokaskýrslu sem og öllum þeim sem tóku þátt í þessari umfangsmiklu vinnu.

Bæjarráð samþykkir að unnin verði útboðsgögn sem miði við alútboð. Bæjarráð felur bæjarstjóra frekari úrvinnslu málsins.

Málið komi að nýju til endanlegrar ákvörðunar bæjarráðs þegar útboðsgögnin liggja fyrir.

Samþykkt 3:0

Ásbjörn vikur af fundi.

HB

3. 2303014 - Frumvörp, reglur og þingsályktunartillögur til umsagnar 2023

1028. mál til umsagnar, frumvarp til laga um tímabundnar undanþágur frá skipulags- og byggingarlöggjöf og skipulagi.

Tillögur um breytingar á 133. gr. sveitarstjórnarlaga um íbúakosningar sveitarfélaga.

976. mál til umsagnar - frumvarp til laga um fiskveiðilandhelgi Íslands og stjórn fiskveiða (veiðistjórn grásleppu).

978. mál, tillaga til þingsályktunar um aðgerðaáætlun í málefnum hönnunar og arkitektúrs fyrir árin 2023-2026.

945. mál til umsagnar - frumvarp til laga um kosningalög o.fl. (ýmsar breytingar).
Lagt fram.

4. 2305013 - Skotland fræðsluferð bæjarfulltrúa og bæjarstjóra á vegum SSV

Samþykkt hefur verið af stjórn Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi að skipuleggja fræðsluferð fyrir sveitarstjórnarfulltrúa á Vesturlandi til Skotlands árið 2023.

Bæjarráð samþykkir að bæjarfulltrúarnir Líf Lárusdóttir og Ragnar B. Sæmundsson, sem sæti eiga í stjórn Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi, taki þátt í fræðsluferðinni ásamt Haraldi Benediktssyni bæjarstjóra.

Samþykkt 3:0

5. 2305014 - Faxaflóahafnir - rýning á fjármagnsskipan

Erindi sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs Reykjavíkurborgar til stjórnar Faxaflóahafnar um að stjórnin hafi frumkvæði að því að handhafar eigendavalds skipi stýrihóp vegna fyrirhugaðrar rýningar á fjármagnsskipan fyrirtækja í B-hluta samstæðu Reykjavíkurborgar (m.a. Orkuveitu Reykjavíkur og Faxaflóahafnar).

Bæjarráð felur bæjarstjóra frekari úrvinnslu málsins.

Bæjarráð áréttar mikilvægi þess að jafnvægi sé í arðgreiðslum til eigenda sem taki m.a. mið af fjárfestingaþörf viðkomandi fyrirtækja í sínum kjarnarekstri og ætti að endurspeglast í fyrirliggjandi arðsemiss stefnu.

Bæjarráð leggur til að unnin verði arðsemiss stefna fyrir Faxaflóahafnir sf. á vettvangi eigenda.

Samþykkt 3:0

6. 2302013 - Endurskoðun á reglum um fjárhagsaðstoð

Endurskoðun reglna um fjárhagsaðstoð hjá Akraneskaupstað lagðar fram til staðfestingar.

Bókun velferðar- og mannréttindaráðs 2. maí 2023:

Velferðar- og mannréttindaráð samþykkir drög að reglum um fjárhagsaðstoð og vísar til afgreiðslu í bæjarráði.

Sveinborg Kristjánsdóttir félagsmálastjóri situr fundinn undir þessum lið.

Bæjarráð samþykkir endurskoðaðar reglur Akraneskaupstaðar um fjárhagsaðstoð og vísar reglunum til bæjarstjórnar Akraness til endanlegrar, ákvörðunar. Breytingarnar hafa ekki í för með sér útgjaldaauka.

Samþykkt 3:0

Sveinborg vísar af fundi.

7. 2101279 - Breið-Þróunarfélag - sjálfseignarstofnun

Skipa þarf nýjan fulltrúa Akraneskaupstaðar í stjórn félagsins eftir starfslok Sævars Freys Þráinssonar.

Gerð er tillaga um að Haraldur Benediktsson bæjarstjóri verði fulltrúi Akraneskaupstaðar í stjórninni.

Bæjarráð tilnefnir Harald Benediktsson sem fulltrúa Akraneskaupstaðar í stjórn Breið-Þróunarfélags ses.

Samþykkt 3:0

8. 2112034 - Hausthúsatorg - bensínstöð N1

Fulltrúar Akraneskaupstaðar og Festi hf. hafa átt í viðræðum undanfarið og leitað sameiginlegrar lausnar varðandi ósk félagsins um viðbótarfrest á lóðaskiptum til maí 2026.

Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs situr fundinn undir þessum lið sem og undir dagkrarlið nr. 9.

Bæjarráð felur bæjarstjóra frekari úrvinnslu málsins.

Samþykkt 3:0

9. 2303217 - Brú hses - Stofnframlag vegna sex íbúða kjarna 2023

Stofnframlag Akraneskaupstaðar til Leigufélagsins Brú hses. vegna uppbyggingar á 6 íbúða kjarna fyrir fólk með fötlun á Tjarnarskógum 15 á Akranesi.

Lagt fram.

Bæjarráð vísar málinu til velferðar- og mannréttindasviðs til frekari úrvinnslu.

Samþykkt 3:0

Sigurður Páll vísar af fundi.

4/13

10. **2303125 - Brynja leigufélag - beiðni um stofnframlag vegna fjögurra íbúða 2023- 2024**

Staðfesting Akraneskaupstaðar á stofnframlagi til Brynju leigufélags ses. vegna kaupa á tveimur íbúðum á Akranesi skv. lögum nr. 52/2016.

Lagt fram.

Bæjarráð vísar málinu til velferðar- og mannréttindasviðs til frekari úrvinnslu.

Samþykkt 3:0

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 11:45.

Valgerður G. Jónsson
Eindr Bránnsson
Ragnar Samundsson
Haraldr Brúelón

9/18